# Ársskýrsla

# stjórnar

# Borðtennissambands

# Íslands

# 1977 - 1978

**Lögð fram á þingi**

**BTÍ**

**14. október 1978**

# SKÝRSLA STJÓRNAR BTÍ 1977-1978.

Ársþing BTÍ 1977 var haldið að Freyjugötu 27, 19.nóvember. Framkvæmdastjóri ÍSÍ, Hermann Guðmundsson var þingforseti, en Ásta Urbancic þingritari.

Á þinginu fóru fram öll almenn þingstörf og síðan var kosið í formannsstöðu, stjórn og nefndir. Kosning fór þannig.

| | |
|---|---|
| Formaður: | Gunnar Jóhannsson |
| Meðstjórnendur: | Stefán Snær Konráðsson, varaformaður<br>Gunnar Jónasson, gjaldkeri<br>Ásta Urbancic, ritari<br>Kristján Þór Karlsson, meðstj. |
| Í varastjórn: | Tómas Guðjónsson,<br>Birkir Þ. Gunnarsson<br>Ragnar Ragnarsson. |
| Mótanefnd: | Hjálmtýr Hafsteinsson,<br>Karl Hólm,<br>Alexander Árnason<br>Sveinbjörn Arnarson<br>Gísli Hjartarson. |
| Endurskoðendur: | Sigurður Hall,<br>Alexander Árnason |
| Borðtennisdómstóll: | Pétur Ingimundarson,<br>Sveinn Áki Lúðvíksson,<br>Birkir Þ. Gunnarsson, |
| Til vara: | Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir<br>Aðalsteinn Eiríksson<br>Ragnar Ragnarsson. |

Stjórnin hélt reglulega fundi á árinu og var yfirleitt full mæting á fundi.

Á fyrsta fundi hinnar nýju stjórnar, var vlain landsliðsnefnd. Birkir Þ. Gunnarsson var valinn formaður, en með honum Gunnar Jóhannsson og Stefán Konráðsson.
Þá valdi stjórnin einnig blaðafulltrúa, Sigurð Guðmundsson

Mót á árinu voru ekki eins mörg né heldur var þeim jafn vel stjórnað og árið áður. Hafði þar mikið að segja, að tveir af kosnum mönnum í mótanefnd gátu ekki starfað með nefndinni.

Flokkakeppnin gekk heldur ekki eins vel og til stóð. Þurfti mótanefnd að dæma um úrslit nokkurra leikja, en þrátt fyrir það, voru úrskurðir mótanefndar aldrei kærðir til dómstóls.

Akureyringar voru í fyrsta sinn með í flokkakeppninni og nokkur fjölgun var í kvennaflokki. Í fyrsta sinn sendi félag tvö lið til keppni í karlaflokki og voru nokkrir byrjunarörðugleikar, en í framtíðinni er slík þátttaka æskileg.

Eini landsleikurinn á árinu var háður í Færeyjum 17.febrúar og kepptu karla og unglingalið. Enn hefur Færeyingum ekki tekist að bjóða upp á landsleik í kvennaflokki. Fararstjórar í ferðinni voru Birkir Þ. Gunnarsson, Róshildur Stefánsdóttir og Ásta Urbancic. Bæði liðin unnu sigur yfir Færeyingum. Þetta var sjötta landskeppnin milli þjóðanna og í fimmta sinn sem íslenskt lið sigrar. Farandgripur sá sem keppt hefur verið um, vannst nú til eignar. BTÍ hefur heitið því að útvega nýjan grip til keppninnar.

Á síðasta ári var Alþjóðaborðtennissambandinu veitt aðild að Alþjóða Olympíunefndinni. Í framhaldi af því var BTÍ veitt aðild að Olympíunefnd Íslands. Sveinn Áki Lúðvíksson var valinn af stjórn BTÍ sem fulltrúi í Olympíunefnd. Gunnar Jóhannsson var valinn til vara.

Fyrirtækja og stofnannakeppni BTÍ var haldin í húsi O.Johnson & Kaaber h.f. í lok apríl. Þátttaka í keppninni var góð eða 24 lið sem boðuðu þátttöku. Tvö lið mættu ekki til keppni. Sigurvegari varð lið Bergiðjunnar. Í öðru sæti lið Fjarhitunar h.f. og í þriðja til fjórða sæti Heimilistæki s.f. og Landsspítalinn A-lið. Bergiðjan bar einnig sigur út býtum 1977, en þá var keppnin háð í fyrst sinn.

Framhaldsskólamót í borðtennis var haldið 5.maí. Átta skólar sendu lið og sigraði lið Verslunarskóla Íslands.

Í ágúst voru landsliðsæfingar undir stjórn Michel Grünsteins. Mun fleiri en landsliðið nutu tilsagnar þjálfarans. Æfingar tókust mjög vel. Æft var í ÍR-húsinu við Túngötu í Reykjavík.
BTÍ gekkst fyrir borðtennisnámskeiði að Heiðarskóla, Leirársveit í Borgarfirði 19.-31. ágúst. Danski þjálfarinn Karsten Fleming var þjálfari á námskeiðinu, en honum til aðstoðar voru Brynjólfur Þórisson og Guðmundur Halldórsson.

Karsten Fleming hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari næsta ár og mun hann þjálfa hér næsta sumar. Framundan eru erfið verkefni hjá landsliðunum. Evrópukeppni, Norðurlandamót og Evrópumót.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að þátttöku Íslands í Evrópukeppni landsliða, 3.deild. Fyrir skömmu fékkst svar og var það jákvætt. Keppnin í ár fer fram í Cardiff í Wales, 6-8. febrúar 1979 Strax á eftir deildarkeppninni, 9.-11. feb. fer fram Opið alþjóðlegt mót í Cardiff. Íslenska liðið mun taka þátt í því móti.

BTÍ aðstoðaði íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík eftir megni á síðasta ári, en ekki voru þeir hjá ÍFR tilbúnir til að halda Íslandsmót, fyrr en á næsta ári.

Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi 21.-23. júlí.
Borðtennis var nú í fyrsta sinn keppnisgrein á mótinu. Stjórn BTÍ hafði veg og vanda af borðtenniskeppnunum og voru 6 manns á vegum BTÍ á mótinu. Tómas Guðjónsson og Michel Grünstein höfðu smá sýningu að keppninni lokinni og tókst hún mjög vel.

Stjórnin aðstoðaði einnig HSK með að halda héraðsmót sitt, sem fram fór að Flúðum í febrúar.

Sambandsstjórnarfundur ÍSÍ var haldinn í apríl.

Íþróttaþing ÍSÍ var haldið í Reykjavík 2. og 3.sept. Gunnar Jóhannsson sat báða fundina.

Ársþing ÍBR var haldið í lok ágúst og sat Gunnar Jóhannsson það einnig.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hélt tvo fundi með formönnum sérsambandanna og fræðslunefnd ÍSÍ hélt einn fund með formönnum sérsambandanna. Allir þessir fundir voru fræðandi og árangursríkir.

Un nið er að því að halda A-stigs námskeið nú á næstunni, og er það til mikilla hagsbóta.

Borðtennissamband Íslands hlaut í vor höfðinglega gjöf frá Björgvini Jóhannessyni og foreldrum hans. Hér um ræðir hillur 25 stykki sem prýða munu skrifstofu BTÍ.

ÚRSLIT Í LANDSKEPPNI: FÆREYJAR - ÍSLAND, 17. febrúar 1978.

Karlaflokkur:

Finn Thomsen - Hjálmar Aðalsteinsson 15-21, 21-13, 16-21.
Finn Thomsen - Stefán Konráðsson 21-19, 19-21, 25-23.
Finn Thomsen - Gunnar Þ. Finnbjörnsson 17-21, 3-21.
Jóhannes Erlingsgård - Hjálmar Aðalsteinsson 11-21, 20-22.
Jóhannes Erlingsgård - Stefán Konráðsson 11-21, 14-21.
Jóhannes Erlingsgård - Gunnar Þ. Finnbjörnsson 12-21, 12-21.
Krisjan Chrisjansen - Hjálmar Aðalsteinsson 19-21, 10-21.
Krisjan Chrisjansen - Stefán Konráðsson 13-21, 20-22.
Krisjan Chrisjansen - Gunnar Þ. Finnbjörnsson 7-21, 12-21.
Sverre Midjord - Birkir Þ. Gunnarsson 18-21, 15-21.
Sverre Midjord - Tómas Guðjónsson 12-21, 16-21.
Sverre Midjord - Hjálmtýr Hafsteinsson 12-21, 11-21.
Niels Hovgaard - Birkir Þ. Gunnarsson 22-20, 21-16.
Niels Hovgaard - Tómas Guðjónsson 15-21, 17-21.
Niels Hovgaard - Hjálmtýr Hafsteinsson 14-21, 13-21.
Elias Mikkelsen - Birkir Þ. Gunnarsson 21-7, 21-18.
Elias Mikkelsen - Tómas Guðjónsson 12-21, 15-21.
Elias Mikkelsen - Hjálmtýr Hafsteinsson 17-21, 11-21.

Eldri unglingar:

Ivan Niclasen - Gylfi Pálsson 14-21, 15-21.
Ivan Niclasen - Þorfinnur Guðmundsson 15-21, 22-20, 21-23.
Ivan Niclasen - Vignir Kristmundsson 12-21, 19-21.
Rógvi Thorsteinsson - Gylfi Pálsson 18-21, 15-21.
Rógvi Thorsteinsson - Þorfinnur Guðmundsson 12-21, 20-22.
Rógvi Thorsteinsson - Vignir Kristmundsson 16-21, 15-21.
Oddur Dimon - Gylfi Pálsson 16-21, 13-21.
Oddur Dimon - Þorfinnur Guðmundsson 8-21, 7-21.
Oddur Dimon - Vignir Kristmundsson 21-12, 9-21, 16-21.

Yngri unglingar:

Jens Christjan Carlsen - Bjarni Kristjánsson 17-21, 16-21.
Jens Christjan Carlsen - Kristján Jónasson 19-21, 20-22.
Birgir Carlsen - Bjarni Kristánsson 8-21, 12-21.
Birgir Carlsen - Kristján Jónasson 22-20, 20-22, 21-15.

Úrslit:

| | |
|---|---|
| Karlaflokkur: | 3-15 |
| Eldri unglingar: | 0-9 |
| Yngri unglingar: | 1-3 |
| | 4-27. |

# Íslandsmót 1978. Borðtennis.

Meistaraflokkur karla:

1. Tómas Guðjónsson KR.
2. Hjálmtýr Hafsteinsson KR.
3. Gunnar Finnbjörnsson Örninn.

Meistaraflokkur kvenna:

1. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB.
2. Ásta Urbancic Örninn.
3. Sigrún Bjarnadóttir UMSB.

I. Flokkur karla:

1. Brynjólfur Þórisson Gerplu.
2. Vignir Kristmundsson Örninn.
3. Ómar Ingvarsson UMFK.

Tvíliðaleikur karla:

1. Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson KR.
2. Ragnar Ragnarsson og Gunnar Finnbjörnsson Örninn.
3. Stefán Konráðsson og Hjálmar Aðalsteinsson Gerplu+KR.

Tvíliðaleikur kvenna:

1. Sveina Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Einarsdóttir Gerplu.
2. Ásta Urbancic og Hafdís Ásgeirsdóttir Örninn+KR.
3. Nanna Harðardóttir og Dagrún Hjartardóttir Víking.

Einliðaleikur stúlkur:

1. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB.
2. Nanna Harðardóttir Víking.
3. Dagrún Hjartardóttir Víking.

Tvíliðaleikur drengir 15-17 ára:

1. Gylfi Pálsson og Ómar Ingvarsson UMFK.
2. Vignir Kristmundsson og Þorfinnur Guðmundsson Örninn.
3. Tómas Sölvason og Örn Franzson KR.

Tvíliðaleikur yngri en 15 ára:

1. Finnur F. Guðbjörnsson og Ólafur Birgisson UMFK.
2. Bjarni Kristjánsson og Hafliði Kristjánsson UMFK.
3. Kristján Jónasson og Oddur Kristjánsson Víking.

Liðakeppni karlar:

1. KR.
2. Örninn.
3. Gerpla.

Liðakeppni kvenna:

1. KR.
2. UMSB.
3. Gerpla.

Liðakeppni ungl. yngri en 15 ára:

1. UMFK.
2. Víkingur.
3. Örninn.

## Meistaratal frá upphafi í hverjum flokki.

Meistaraflokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1971. | Björn Finnbjörnsson | Ö |
| 1972. | Björn Finnbjörnsson | Ö |
| 1973. | Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1974. | Ólafur H. Ólafsson | Ö |
| 1975. | Ólafur H. Ólafsson | Ö |
| 1976. | Gunnar Þ. Finnbjörnsson | Ö |
| 1977. | Gunnar Þ. Finnbjörnsson | Ö |
| 1978. | Tómas Guðjórsson | KR |

Fyrsti flokkur karla:

| | | |
|---|---|---|
| 1973. | Magnús Jónason | Á |
| 1974. | Björgvin Jóhannesson | G |
| 1975. | Ekki keppt í flokknum. | . |
| 1976. | Árni Gunnarsson | UMFK |
| 1977. | Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1978. | Brynjólfur Þórisson | Gerplu |

Meistaraflokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| 1971. | Margrét Rader | KR |
| 1972. | Margrét Rader | KR |
| 1973. | Guðrún Einarsdóttir | G |
| 1974. | Sólveig Sveina Sveinþjörnsd. | G |
| 1975. | Ásta Urbancic | Ö |
| 1976. | Ásta Urbancic | Ö |
| 1977. | Ásta Urbancic | Ö |
| 1978. | Ragnhildur Sigurðard. | UMSB |

Öldungar:

| | | |
|---|---|---|
| 1974. | Jósep Gunnarsson | KR |
| 1975. | Jósep Gunnarsson | KR |
| 1976. | Þórður Þorvarðarson | Ö |
| 1977. | Emil Pálson | KR |
| 1978 | ÞÓRÐUR ÞORVARÐARSON | Ö |

Einliðaleikur drengja 15-17 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1971. | Sigurður Gylfason | ÍA |
| 1972. | Hjálmar Aðalsteinsson | KR |
| 1973. | Gunnar Finnbjörnsson | Ö |
| 1974. | Jón Sigurðsson | UMFK |
| 1975. | Gunnar Finnbjörnsson | Ö |
| 1976. | Stefán Konráðsson | G |
| 1977. | Hjálmtýr Hafsteinsson | KR |
| 1978 | ÓMAR INGVARSSON | UMFK |

Einliðaleikur sveina 13-15 ára:

| | | |
|---|---|---|
| 1974. | Einar Oddur Ólafsson | Ö |
| 1975. | Tómas Guðjónsson | KR |
| 1976. | Ómar Ingvarsson | UMFK |
| 1977. | ~~Ólafur Birgisson~~ GYLFI PÁLSSON | UMFK |
| 1978 | BJARNI KRISTJÁNSSON | UMFK |

Einliðaleikur pilta yngri en 13 ára:

1974. Guðmundur Jóhannsson G
1975. Bergsveinn Ólafsson Ö
1976. Bjarni Kristjánsson UMFK
1977. Ólafur Birgisson UMFK
1978 Einar Einarsson

Einliðaleikur stúlkna yngri en 17 ára:

1975. Bergþóra Valsdóttir Ö
1976. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
1977. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB
1978. Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB

Tvíliðaleikur karla:

1971. Ólafur H. Ólafsson/Birkir Þ. Gunnarsson Ö
1972. Ragnar Ragnarsson/Jóhann Örn Sigurjónsson Ö
1973. Björn Finnbjörnsson/Jón A. Kristinsson Ö
1974. Ólafur H. Ólafsson/Birkir Þ. Gunnarsson Ö
1975. Hjálmar Aðalsteinsson/Finnur Snorrason KR
1976. Ragnar Ragnarsson/Gunnar Þ. Finnbjörnsson Ö
1977. Ragnar Ragnarsson/Gunnar Þ. Finnbjörnsson Ö
1978. Hjálmtýr Hafsteinsson/Tómas Guðjónsson KR

Tvíliðaleikur kvenna:

1971. Margrét Rader/Sigrún Pétursdóttir KR
1972. Sólveig Sv.Sveinbjörns./Guðrún Einarsd. G
1973. Sólveig Sv.Sveinbjörns./Guðrún Einarsd. G
1974. Sólveig Sv.Sveinbjörns./Guðrún Einarsd. G
1975. Sólveig Sv. Sveinbjörns/Guðrún Einarsd. G
1976. Karólína Guðmundsd. Ö/Guðrún Einarsd. G
1977. Bergþóra Valsdóttir/Ásta Urbancic Ö
1978. Sveina Sveinbjörnsd/Guðrún Einarsd. G

Tvenndarkeppni:

1971. Sigrún Pétursdóttir/Gunnar Gunnarsson KR
1972. Elísabet Síemsen/Björn Finnbjörnsson Ö
1973. Sigrún Pétursdóttir/Hjálmar Aðalsteinss. KR
1974. Sigrún Pétursdóttir/Hjálmar Aðalsteinsson KR
1975. Guðrún Einarsdóttir/Björgvin Jóhannesson G
1976. Guðrún Einarsdóttir/Stefán Konráðsson G
1977. Ásta Urbancic Ö/Tómas Guðjónsson KR
1978. GUÐRÚN EINARSD/STEFÁN KONRÁÐSSON G.

Tvíliðaleikur drengja 15-17 ára.

1971. Sigurður Gylfason/Elvar Elísson ÍA
1972. Gunnar Þ. Finnbjörns./Jónas Kristjánsson Ö
1973. Gunnar Þ. Finnbjörns./Jónas Kristjánsson Ö
1974. Gunnar Þ. Finnbjörnss/Jónas Kristjánsson Ö
1975. Einar Oddur Ólafsson/Stefán Konráðsson G
1976. Hjálmtýr Hafsteinsson/Tómas Guðjónsson KR
1977. Óskar Bragason/Árni Kristjánsson KR
1978. Gylfi Pálsson / Ómar Ingvarsson UMFK
1

Tvíliðaleikur sveina 13-15 ára.

1976. Hermann Kristjánsson/Ólafur Ólafsson G
1977. Gylfi Pálsson/Bjarni Kristjánsson UMFK
1978. Finnur F. Guðbjörnsson/Ólafur Birgisson UMFK

Tvenndarkeppni unglinga:

1974. Pálína Ásgeirsdóttir/Jónas Kristjánsson Ö

Liðakeppni karla:

1973. Örninn
1974. Örninn
1975. Örninn
1976. KR
1977 KR
1978. KR
1979 KR

Liðakeppni kvenna:

1975. Gerpla
1976. Örninn
1977. Örninn
1978. KR

Liðakeppni unglinga:

1976. KR
1977. UMFK
1978. UMFK

PUNKTASTAÐA BTÍ

1. flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gunnar Finnbjörnsson Ö | 53 |
| 2. | Tómas Guðjónsson KR | 40 |
| 3. | Stefán Konráðsson G | 26 |
| 4. | Hjálmtýr Hafsteinsson KR | 22 |

2. flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jón Sigurðsson UMFK | 25 |
| 2 - 3. | Hilmar Konráðsson Víking | 17 |
| 2 - 3. | Ragnar Ragnarsson Ö | 17 |
| 4. | Ólafur H. Ólafsson Ö | 16 |
| 5. | Hjálmar Aðalsteinsson KR | 15 |
| 6. | Sighvatur Karlsson G | 12 |
| 7. | Kristján Magnús KR | 7 |
| 8. | Björgvin Jóhannesson G | 5 |
| 9 -11. | Alexander Árnason Ö | 2 |
| 9 -11. | Gylfi Pálsson UMFK | 2 |
| 9 -11. | Óskar Bragason KR | 2 |
| 12-18. | Árni Gunnarsson UMFK | 0 |
| 12-18. | Bjarni Kristjánsson UMFK | 0 |
| 12-18. | Brynjólfur Þórisson G | 0 |
| 12-18. | Einar Oddur Ólafsson Ö | 0 |
| 12-18. | Gunnlaugur Hjartarson Ö | 0 |
| 12-18. | Sigurjón Sveinsson UMFK | 0 |
| 12-18. | Sveinbjörn Arnarson Ö | 0 |

3. flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1-2. | Vignir Kristmundsson Ö | 19 |
| 1-2. | Örn Fransson KR | 19 |
| 3. | Hjörtur Jóhannsson UMFK | 18 |
| 4-5. | Birkir Þ. Gunnarsson Ö | 16 |
| 4-5. | Magnús Eiríksson Ö | 16 |
| 6-7. | Bjarni Friðriksson UMFK | 15 |
| 6-7. | Ómar Ingvarsson UMFK | 15 |
| 8-10. | Jónas Kristjánsson KR | 13 |
| 8-10. | Rúnar Óskarsson UMFK | 13 |
| 8-10. | Tómas Sölvason KR | 13 |
| 11-12. | Hafliði Kristjánsson UMFK | 11 |
| 11-12. | Kristján Jónasson Víking | 11 |
| 13-14. | Árni Síemsen Ö | 9 |
| 13-14. | Björn Björnsson Ö | 9 |
| 15. | Sigurður Guðmundsson | 8 |
| 16. | Hans Hentinen Ö | 7 |
| 17. | Árni Kristjánsson KR | 6 |
| 18. | Ágúst Hafsteinsson KR | 5 |
| 19. | Birkir Árnason UMFK | 4 |
| 20-23. | Egill Helgason KR | 3 |
| 20-23. | Emil Pálsson Ö | 3 |
| 20-23. | Hermann Kristjánsson G | 3 |
| 20-23. | Þórður Jóhannsson Ö | 3 |
| 24-27. | Jósep Gunnarsson Kr | 2 |
| 24-27. | Ólafur Ólafsson G | 2 |
| 24-27. | Þorfinnur Guðmundsson Ö | 2 |
| 24-27. | Þorvaldur B. Jónsson Ö | 2 |
| 28-30. | Aðalsteinn Eiríksson Ö | 1 |
| 28-30. | Guðmundur Maríusson KR | 1 |
| 28-30. | Jón Kr. Jónsson KR | 1 |

Kvennaflokkar

1.flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hanneke Knol KR | 12 |
| 2. | Ásta Urbancic Ö | 9 |
| 3. | Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB | 6 |

2: flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1-2. | Guðrún Einarsdóttir G | 6 |
| 1-2. | Sveina Sveinbjörnsd. G | 6 |
| 3. | Sigrún Bjarnadóttir UMSB | 4 |
| 4. | Sigrún Sverrisdóttir Víking | 3 |
| 5-6. | Guðný Sigurðardóttir UMFK | 2 |
| 5-6. | Jóhanna Jóhannsdóttir UMFK | 2 |

Lög
BORÐTENNISSAMBANDS ÍSLANDS

1.gr.

Borðtennissamband Íslands (BTÍ) er æðsti aðili um öll borðtennismál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).

2.gr.

Borðtennissamband Íslands er samband borðtennisráða og héraðssambanda og eru öll félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa og keppa í borðtennis, aðilar að BTÍ.

3.gr.

Starf BTÍ er í meginatriðum:
a) Að hafa yfirstjórn allar íslenzkra borðtennismála.
b) Að vinna að eflingu borðtennis í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd borðtennisins. Með hæfilegum fyrirvara skal BTÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

4.gr.

Málefnum BTÍ stjórna:
a) Borðtennisþingið.
b) Stjórn BTÍ

5. gr.

Borðtennisþingið fer með æðsta vald í málefnum BTÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum,sem mynda BTÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra borðtennismanna, 16 ára og eldri,þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25 upp í allt að 100 iðkendur, og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 50 iðkendur þar fram yfir.

Þingið skal árlega háð í október. Skal boða það bréflega með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BTÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn BTÍ tylkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins, ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borizt hafa, í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing. Bortennisþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6.gr.

Á borðtennisþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en [illegible] þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a) Stjórn BTÍ, varastjórn og endurskoðendur.
b) Sambandsráð ÍSÍ.
c) Fastráðnir starfsmenn BTÍ og ÍSÍ.
d) Fulltrúar borðtennisdómarafélaga.
e) Allir nefndarmenn BTÍ.
f) Borðtennisdómstóll.
g) Formaður Ólympíunefndar Íslands.
h) Íþróttafulltrúi og íþróttanefnd ríkisins.

auk þess getur stjórn BTÍ boðið öðrum aðilum þingsetu,ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi,sem iðkar borðtennis innan sérráðs eða héraðssambands,er kjörgengur fulltrúi þess á borðtennisþingið og eigi hann heima innan héraðs. Hver fulltrúi hefur aðeins [illegible] 1 atkvæði. Þegar langt og dýrt er að sækja þingið, þá má heimila, að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila- sérráðs eða héraðssambands (félags) sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð,sem jafnframt er beiðni til þingsins um, að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7.gr.

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krfur eða helmingur sambandsðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta rglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt borðtennisþing.

8.gr.

Störf borðtennisþings eru:
1) Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kostnar fastar nefndir: a) Kjörbréfanefnd.
b) Fjárhagsnefnd.
c) Laga- og leikreglnanefnd.
d) Allsherjarnefnd.

.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær,sem fram hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.
Þinghlé.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
10. Ákveðið gjald ævifélaga.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttaþing.
13. Kosnir 3 menn í borðtennisdómstól og 3 til vara.
14. Þingfundagerðir lesnar og staðfestar.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5.gr. þriðju málsgrein) Ársskýrslu BTÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BTÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9.gr.

Stjórn BTÍ skipa 5 menn, formaður, varaformaður, bréfritari, gjaldkeri og fundarritari. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum.-
Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn, og taka þeir sæti, er aðalmaður forfallast, og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.
Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár BTÍ er miðað við 1.október.

10.gr.

Starfssvið stjórnar BTÍ er:
a) Að framkvæma ályktanir borðtennisþingsins.
b) Að vinna að eflingu borðtennis í landinu.
c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir borðtennis.
d) Að senda sambandsráði og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
e) Að líta eftir því, að lög og leikreglur BTÍ séu haldin.
f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
g) Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir landsmót. Það skal BTÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórnir) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
h) Að úthluta þeim styrkjum til borðtennis, sem BTÍ fær til umráða.
i) Að koma fram erlendis fyrir hönd borðtennis í landinu.

11.gr.

Formaður BTÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12.gr.

Borðtennissérráðin (héraðssamböndin) eru milliliður milli félaga sinna og stjórnar BTÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra borðtennismanna í umdæminu, skulu þau senda stjórn BTÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á borðtennisþinginu, sbr.5.gr.

13.gr.

BTÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

14.gr.

Stjórn BTÍ hefur frjálsan aðgang að öllum borðtennismótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda BTÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda, sem eru aðilar að sambandinu.

15.gr.

Ævifélagar BTÍ geta þeir orðið, sem stjórn BTÍ samþykkir. Heiðursfélaga BTÍ má stjórn þess kjósa, ef hún er einhuga um það.

16.gr.

Tillögur um að leggja BTÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu borðtennisþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillaga síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja BTÍ niður.
Skal þá afhenda ÍSÍ eignir BTÍ til varðveizlu.

17.gr.

Lög þessi voru samþykkt á stofnþingi BTÍ 12.nóvember 1972.